

**Nýsamþykkt lög til innleiðingar
á Evróputilskipun um
starfstengda eftirlaunasjóði**



Ingvi Már Pálsson, LL.M.

Nóvember 2007

Tvenn lög samþykkt á vorþingi 2007 í tengslum við innleiðingu tilskipunarinnar

- Lög nr. 78/2007, um starfstengda eftirlaunasjóði
 - Til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB, um starfsemi og eftirlit með lögaðilum sem sjá um starfstengd eftirlaun (*Directive 2003/41/EC of the European Parliament and of the Council of 3 June 2003 on the activities and supervision of institutions for occupational retirement provision*)
 - Tilskipunin var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2006 sem birt var 19. október 2006 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins
- Lög nr. 76/2007, um breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt

Markmið tilskipunar 2003/41/EB

- Fyrsta skrefið í átt að öflugri innri markaði fyrir starfstengdan eftirlaunasparnað innan EES
- Þróa hinn innri markað á þann veg að starfstengdir eftirlaunasjóðir geti boðið þjónustu sína yfir landamæri
- Tryggja víðtæka vernd fyrir neytendur fjármálaþjónustu
- Almennatryggingakerfin undir sífelld meiri þrýstingi og fyrir séð að treysta verði enn frekar á starfstengdar eftirlaunagreiðslur í framtíðinni
- Forræði einstakra aðildarríkja hvað varðar fyrirkomulag lífeyrismála ekki skert

Gildissvið tilskipunar 2003/41/EB

- Nær til lögaðila sem taka við iðgjöldum til myndunar eftirlaunaréttinda, ávaxta þau og greiða út til rétthafa
- Nær ekki til lífeyrissjóða sem falla undir reglugerðir nr. 1408/71/EBE og 574/72/EBE, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum o.fl.
- Nær eingöngu til iðgjalda sem eru bæði starfstengd og valkvæð
 - Skyldubundin framlög til lífeyrissparnaðar falla utan gildissviðs tilskipunarinnar
 - Viðbótarlífeyrissparnaður fellur utan gildissviðs tilskipunarinnar

Samspil tilskipunar 2003/41/EB og íslenska lífeyrissjóðakerfisins

- Frá 1994 hafa íslensku lífeyrissjóðirnir verið skilgreindir á þann hátt að þeir falla undir reglugerð nr. 1408/71/EBE
- Skyldubundin framlög til íslensku lífeyrissjóðanna falla utan gildissviðs tilskipunarinnar
 - Taki viðkomandi lífeyrissjóður hins vegar jafnframt við valkvæðum og starfstengdum iðgjöldum kunna þau að falla undir ákvæði tilskipunarinnar
- Einstaklingsbundinn viðbótarlífeyrissparnaður fellur utan gildissviðs tilskipunarinnar
- Starfstengdir eftirlaunasjóðir eru því sjálfstæðar einingar og nýr valkostur til hliðar við íslensku lífeyrissjóðina og þá aðila sem bjóða upp á viðbótarlífeyrissparnað
 - Lagarammi þeirra afmarkaður út frá því

Efni laga nr. 78/2007, um starfstengda eftirlaunasjóði (I)

- Sama gildissvið og tilskipunin
 - þ.e. á eingöngu við um valkvæð og starfstengd iðgjöld
- Aðild að starfstengdum eftirlaunasjóði byggist á samningi á milli starfsmanna og vinnuveitanda
- Skilyrði fyrir starfsemi eftirlaunasjóðs almennt þau sömu og í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
 - Fjármálaráðuneytið veitir starfsleyfi
 - Sjóður skal skráður hjá Fjármálaeftirlitinu og háður eftirliti þess
 - Takmarka starfsemi sína við rekstur sem varðar starfstengd eftirlaun
 - Fjárhagslega og lagalega aðskilinn frá starfsemi fyrirtækis sem greiðir iðgjöldin

Efni laga nr. 78/2007, um starfstengda eftirlaunasjóði (II)

- Fjárfestingarreglur talsvert rýmri en þær sem gilda um almenna lífeyrissjóði (36. gr. laga nr. 129/1997)
 - Innan almennra varfærnismarka
- Upplýsingaskylda til sjóðfélaga
- Iðgjaldagreiðslur frá öðrum ríkjum
 - Starfstengdum eftirlaunasjóð er heimilt að veita viðtöku iðgjaldi vegna starfsmanns sem starfar í öðru ríki
 - Tilkynda Fjármálaeftirlitinu um slíkar iðgjaldagreiðslur

Almennt um skattlagningu lífeyris

- Við skattlagningu lífeyrisiðgjalda, eigna lífeyrissjóða og lífeyrisgreiðslna er byggt á svo kallaðri EET-skattlagningaraðferð (“*exempt, exempt, tax*”)
 - Lífeyrisiðgjöld eru undanþegin skattlagningu
 - Tekjur lífeyrissjóða eru undanþegnar fjármagnstekjuskatti
 - Greiðslur úr lífeyrissjóðum eru skattlagðar eins og hverjar aðrar launatekjur

Skattlagning starfstengdra eftirlaunasjóða

- Um skattlagningu greiðslna í og úr starfstengdum eftirlaunasjóðum gilda sömu reglur og um almennu lífeyrissjóðina
 - Iðgjaldið er frádráttarbært frá skattskyldum tekjum
 - sbr. 5. tl. 28. gr. og 4. og 5. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003
 - Útgreiðslur eru háðar almennri skattskyldu
 - sbr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga 90/2003
- Tvísköttunarsamningar geta vikið skattskyldu við útgreiðslu til hliðar
 - Samkvæmt tvísköttunarsamningum eru lífeyrisgreiðslur alla jafna skattlagðar í búseturíki móttakanda
- Skattlagning greiðslna úr lífeyrissjóðum er mismunandi í landsrétti þeirra ríkja sem íslensk stjórnvöld hafa gert tvísköttunarsamning við
 - Í sumum tilvikum er ekki skattlagt við útgreiðslu

Listi yfir þau ríki sem íslensk stjórnvöld hafa gert tvísköttunarsamning við

▪ **Tvísköttunarsamningar í gildi**

- Belgía 2000/2004
- Kanada 1997/1998
- Kína 1996/1998
- Danmörk 1997/1998
- Eistland 1994/1996
- Færeyjar 1997/1998
- Finnland 1997/1998
- Frakkland 1990/1992
- Þýskaland 1971/1968
- Grikkland 2002/2003
- Ungverjaland 2003/2007
- Írland 2003/2005
- Lettland 1994/1996
- Litháen 1998/2000
- Luxembourg 1999/2002
- Malta 2004/2007
- Holland 1997/1999
- Noregur 1997/1998
- Pólland 1998/2000
- Portúgal 1999/2003
- Rússland 1999/2004
- Spánn 2002/2003


- Svíþjóð 1997/1998
- Swiss 1988/1990
- Tékkland 2000/2001
- Slóvakía 2002/2004
- Bretland 1991/1992
- Bandaríkin 1975/1976
- Víetnam 2002/2003

▪ **Undirritaðir samningar en ekki fullgildir**

- Grikkland 2006
- Ítalía 2002
- Rúmenía 2007
- Úkraía 2006
- Bandaríkin (endurgerð) 2007

▪ **Stafsettir samningar**

- Austurríki 2004
- Króatía 2005
- Þýskaland (endurgerð) 2005
- Indland 2007
- Mexíkó 2005
- Slóvenía 2007
- Suður Kórea 2003



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Samantekt

- Með lögum nr. 78/2007 er kominn lagarammi sem býður upp á þann möguleika að hér á landi verði settir upp og reknir starfstengdir eftirlaunasjóðir í skilningi tilskipunar 2003/41/EB
 - Opnir jafnt fyrir iðgjöldum Íslendinga sem erlendra aðila
- Með lögum nr. 76/2007 er búið að taka af öll tvímæli um skattalega meðferð greiðslna í og úr slíkum starfstengdum eftirlaunasjóðum
 - Tvísköttunarsamningar geta vikið skattskyldu til hliðar



MINISTRY OF FINANCE

[Homepage](#) | [Enquiries](#) | [Links](#)

[Webtree](#) | [Íslenska](#)

- [Ministry](#)
- [Minister](#)
- [News](#)
- [Publications](#)
- [Legislation](#)
- [Government finance](#)
- [Statistics](#)
- [Weekly Web Release](#)
- [Customs and taxes](#)
- **[Pensions](#)**
- [Enquiries](#)

[news feed](#)

[Print page](#)



[Home](#) > [Pensions](#)

Pensions

Information on Pension Matters

- [An Overview of the Icelandic Occupational Pension System](#)
- [The Icelandic Pension System](#) (PDF 80KB), article by Már Gudmundsson
- [Act no. 129/1997 on Mandatory Pension Insurance and on the Activities of Pension Funds](#) (PDF 144 KB)
- [Act no. 78/2007 on occupational retirement funds](#) (PDF 32 KB)
- [General information on taxation of pension funds and occupational retirement funds](#) (PDF 24 KB)

Useful links about pensions

- [The National Association of Pension Funds \(NAPF\) - Iceland](#) - ll.is
- [The Financial Supervisory Authority](#) - fme.is
- [The State Social Security Institute](#) - tr.is

Useful links about taxes, labour and immigration

- [Director of Internal Revenue](#) - rsk.is
- [Ministry of Social Affairs](#) - Ministry of Social Affairs, eng.felagsmalaraduneyti.is
- [Directorate of Labour](#) - vinnumalastofnun.is
- [Icelandic Directorate of Immigration](#) - utl.is

2008



[Budget Information](#)

[Economic outlook](#)



[Iceland](#)

[International Monetary Fund](#)



[Iceland and the IMF](#)

[Gateway to Iceland](#)



[Iceland.is](#)

[Treasury Bonds](#)



[Bond.is](#)